

Reykjavík, 10. desember 2010

Alþingi  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 237. mál.

Bankasýslu ríkisins barst ekki til umsagnar frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 237. mál, en hefur nú verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

#### **Áhrif iðgjalda til innstæðutryggingasjóðs á afkomu innlánsfyrirtækja á næstu tveimur árum.**

Það frumvarp sem nú er til meðferðar hjá Alþingi gerir ráð fyrir hraðri uppbyggingu innstæðutryggingasjóðs. Svo virðist sem greiðslur iðgjalda til sjóðsins gætu numið frá 1,5% og allt að 2,3% af innstæðum innlánsstofnana að undanskildum heildsöluinnlánnum og öðrum þeim innlánnum sem talin eru í 14. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 10. mgr. 10. gr. er stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld þegar eignir hans hafa náð 4% af tryggðum heildarinnstæðum. Því marki ætti að verða náð á um tveimur árum. Ef gert er ráð fyrir því að stjórn sjóðsins nýti heimild til lækkunar er því ljóst að þunginn í greiðslum innlánsstofnana verður á árinu 2011 og 2012.

Ljóst er að þörf er á því að byggja upp innstæðutryggingasjóð hér á landi og hraðinn í uppbyggingu sjóðsins skiljanlegur í því ljósi. Jafnljóst er að áhrifin munu verða veruleg á afkomu innlánsstofnana á meðan iðgjöld eru svo há sem ráðgert er. Svigrúm til að auka vaxtamun hefur ekki verið mikið og því má gera ráð fyrir að áhrifin komi að miklu leyti fram í lægri arðsemi innlánsstofnana.

Þá er rétt að nefna að áhrifin munu ekki falla með jöfnum þunga á innlánsstofnanir þar sem vægi innlána í fjármögnun þeirra er mismikið. Sparisjóðir eru t.d. margir fjármagnaðir nær eingöngu með eigin fé og innlánnum.

#### **Athugasemd við takmarkaðar reglur um rekstur sjóðsins sjálfs.**

Með grófri nálgun má áætla að innstreymi í tryggingasjóðinn verði um 20 - 25 ma. kr. á ári næstu tvö árin. Fljótlega munu safnast þar upp umtalsverðar fjárhæðir sem þarf að stýra. Enn fremur er þess að geta að sjóðurinn mun hafa umtalsverðar valdheimildir eins og fram kemur í 9. mgr. 10. gr. um tvöföldun álagningar ef innlánsstofnun stendur ekki skil á upplýsingum og 11. gr. þar sem kveðið er á um álag ef vanskil verða á greiðslu iðgjalds. Því er rétt að gera athugasemd við fátæklegar reglur um starfsemi sjóðsins sjálfs.

Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að stjórn sé heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða geti samið við lögaðila um rekstur og vörslu sjóðsins. Ekki er nánar kveðið á um hvaða skilyrði lögaðilinn þarf að uppfylla til að sjá um fjármunina.

Í 3. mgr. 6. gr. segir að rekstrarkostnaður skuli greiðast af eignum sjóðsins í samræmi við hlutfall hvernar deildar í heildarrekstrarkostnaði. Ekki er nánar kveðið á um rekstrarkostnað. Þeir lögaðilar sem greiða í sjóðinn og hafa mikla hagsmuni af því að honum sé vel stýrt tilnefna ekki aðila í stjórn.

Í 27. gr. er kveðið á um fjárfestingarstefnu en hún er ekki mörkuð með neinum hætti heldur er stjórn falið að ákveða hana án nokkurra takmarkana.

Virðingarfyllst,



Elín Jónsdóttir